



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## **Allt á einum stað**

Greinargerð með kynfræðsluvef fyrir unglunga

Anita Rós Þorsteinsdóttir og Eva Krístrún Haraldsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Júní 2022

**DEILD FAGGREINAKENNSLU**



# **Allt á einum stað**

## **Greinargerð með kynfræðsluvef fyrir unglina**

Anita Rós Þorsteinsdóttir og Eva Krístrún Haraldsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar

Leiðbeinandi: Eyrún Ólöf Sigurðardóttir, aðjunkt

Deild faggreinakennslu

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2022

Allt á einum stað: Greinargerð með kynfræðsluvef fyrir unglunga

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs  
í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar við deild  
faggreinakennslu  
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2022 Anita Rós Þorsteinsdóttir og Eva Krístrún Haraldsdóttir  
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Lokaverkefni þetta samanstendur af greinargerð og fræðsluvefnum Allt á einum stað. Ástæður þess að viðfangsefnið kynfræðsla varð fyrir valinu eru margar. Misjafnlega er staðið að kynfræðslu eftir skólum og úrval námsefnis ekki upp á marga fiska. Það námsefni sem í boði er í dag getur verið nytsamlegt en margt þarf að uppfæra og taka mið af breyttum þörfum samtímans. Samfélagið er í stöðugri þróun og því mikilvægt að haga kynfræðslu eftir þeim breytingum og áskorunum sem eiga sér stað. Í greinargerðinni má sjá að kynfræðsla og skólamenning almennt, litast af gagnkynhneigðarviðmiðum og kynjatvíhyggju. Hinsegin nemendur eiga því oft erfitt með að spegla sig í námsefninu og skólaumhverfinu. Hinseginfræðsla hefur til að mynda ekki skipað stóran sess í kynfræðslu grunnskóla hingað til þrátt fyrir framsækna stefnu aðalnámskrár og menntastofnana. Tilgangur þessa verkefnis er skapa vettvang sem veitir ungu fólki mikilvægan fróðleik óháð kyni, kynhneigð eða kynvitund. Markmið greinargerðarinnar er að varpa ljósi á hvað telst til góðrar alhliða kynfræðslu og hvers vegna hún er mikilvæg. Vefsíðan Allt á einum stað miðar að því að veita unglíngum aðgengilega alhliða kynfræðslu sem tekur mið af fjölbreytileikanum.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2 Kynfræðsla</b> .....	<b>8</b>
2.1 Kynþroski .....	9
2.2 Klám og klámvæðing.....	9
2.3 Samskipti og mörk .....	11
2.4 Kynheilbrigði .....	13
<b>3 Kynfræðsla í skólakerfinu</b> .....	<b>15</b>
3.1 Aðalnámskrá grunnskóla .....	17
3.2 Lög um kynfræðslu .....	19
3.3 Áherslur í kynfræðslu í grunnskólum.....	19
3.3.1 Hinseginfræðsla .....	21
3.4 Námsfni í kynfræðslu .....	25
3.5 Samanburður við önnur lönd.....	26
<b>4 Kynfræðsluvefurinn Allt á einum stað</b> .....	<b>28</b>
<b>5 Lokaorð</b> .....	<b>29</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>31</b>

## Formáli

Við viljum byrja á því að þakka hvor annarri fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu á meðan skrifum stóð. Samstarfið gekk vonum framur og erum við verulega þakklátar fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna að þessu verkefni saman. Sérstakar þakkir fá Bangsi og Mandla fyrir að vera til staðar fyrir okkur og lífgað upp á langa daga. Verkefnið var unnið undir leiðsögn Eyrúnar Ólafar Sigurðardóttur aðjúnkt á menntavísindasviði og viljum við þakka henni kærlega fyrir faglega aðstoð og góða hvatningu. Þakkir fær Hermann Árnason fyrir ómælda þolinmæði og stuðning. Við erum afskaplega stoltar af afurðinni okkar sem mun halda áfram að stækka og taka breytingum með tímanum. Við vonum að vefurinn muni koma að góðum notum og að starfsfólk skóla og félagsmiðstöðva geti nýtt sér möguleika síðunnar í námi og kennslu.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](http://www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur) (sjá [www.hi.is/haskolinn/log\\_og\\_reglur](http://www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur), undir Sameiginlegar reglur). Við höfum gætt viðmiða um siðferði í rannsóknnum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun okkar á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, 8.maí 2022

Anita Rós Þorsteinsdóttir og Eva Krístrún Haraldsdóttir

## 1 Inngangur

Ákall hefur verið eftir aukinni kynfræðslu í skólum landsins undanfarin ár. Það er réttur barna og unglunga að fá alhliða kynfræðslu sem stuðlar að kynheilbrigði (WHO og PAHO, 2000). Markmið kynfræðslu ættu að vera víðtæk og snúa að því að styðja við kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks sem og hjálpa þeim að verða að heilbrigðum fullorðnum einstaklingum (Kantor og Lindberg, 2020). Kynfræðsla er vítt hugtak sem nær meðal annars yfir fræðslu um kynheilbrigði, kynhegðun, kynlíf, samskipti og tilfinningar. Góð alhliða kynfræðsla veitir börnum og ungmennum dýrmæta þekkingu og mikilvægt er að öll börn fái viðeigandi fræðslu frá réttum aðilum (Pan American Health Organization, 2000; Planned Parenthood, e.d; Anna Rún Jóhannesdóttir, 2014). Til þess að kynfræðsla teljist alhliða þarf að skoða viðfangsefni hennar út frá fjölbreytileika samfélagsins. Ljóst er að auka þarf kynfræðslu fyrir fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópum eins og börn með þroskaskerðingu eða þau sem skilgreina sig sem hinsegin.

Kynfræðsla í grunnskólum virðist vera breytileg eftir skólum og misjafnt er eftir skólum og kennurum hvar áherslan liggur í kynfræðslu. Ljóst er að fræðslan þarf að byrja fyrr og bæta þurfi innihald hennar og umfang. Áhrifaþættir í ónógri kynfræðslu í skólum eru meðal annars hve lítið er kveðið á um kynfræðslu í aðalnámskrá grunnskóla (2013) og takmörkuð þekking kennara á efninu. Orðið kynfræðsla kemur hvergi fyrir í aðalnámskrá þó hæfniviðmið ákveðinna greina snúi að mannlíkamanum, kynheilbrigði, æxlun og kynhegðun. Kennaramenntun í dag býður ekki upp á námskeið sem viðkoma kynfræðslu og ennfremur er engin skylda að sækja slík námskeið í kennaranámi (Jón Ingvar Kjaran og Brynja Elísabeth Halldórsdóttir Gudjonsson, 2021). Þar af leiðandi er lítið samræmi milli skóla og þeirra aðila sem sjá um kynfræðsluna.

Ekki er úr mörgu að moða þegar kemur að námsefni í kynfræðslu. Efni sem tekur mið af fjölbreytileikanum og er ekki litað af gagnkynhneigðarhyggju er af skornum skammti. Það námsefni sem í boði er í dag getur verið nytsamlegt en margt þarf að uppfæra og taka mið af breyttum þörfum samtímans. Höfundar vilja sporna gegn gagnkynhneigðar- og kynjativíhyggju í fræðsluefni ungmenna. Tilgangur þessa verkefnis er skapa vettvang sem veitir ungu fólki mikilvægan fróðleik óháð kyni, kynhneigð eða kynvitund.

Lokaverkefni þetta samanstendur annars vegar af greinargerð og hins vegar af kynfræðsluvefnum Allt á einum stað. Markmið greinargerðarinnar er að renna stoðum undir notagildi fræðsluvefsins í kynfræðslu. Greinargerðin skiptist upp í þrjá meginhluta. Í fyrsta



hluta er fjallað almennt um kynfræðslu og hlutverk hennar í lífi barna og unglunga. Í öðrum hluta er farið yfir stöðu kynfræðslu í grunnskólum á Íslandi og hún skoðuð í samanburði við önnur lönd. Þriðji hlutinn fjallar svo um kynfræðsluvefinn Allt á einum stað og hvaða þörfum honum er ætlað að mæta.

## 2 Kynfræðsla

Kynfræðsla er víðtækt hugtak sem nær yfir fræðslu um kynheilbrigði, kynlíf, kynæxlun og veitir grundvallarþekkingu á kynhegðun manneskjunnar (Pan American Health Organization, 2000; Planned Parenthood, e.d). Kynfræðsla snýr þó ekki síður að hlutum á borð við samskipti, tilfinningar og sjálfsvitund (Anna Rún Jóhannesdóttir, 2014). Fræðsla og forvarnir miða að því að þróa og efla getu barna og ungmenna til að taka meðvitaðar og heilbrigðar ákvarðanir í tengslum við sambönd, kynhegðun, andlega og líkamlega heilsu (European Expert Group on Sexuality Education, 2016). Samkvæmt UNESCO (e.d) stuðlar vönduð alhliða kynfræðsla að heilsu og vellíðan, virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti kynjanna. Kynfræðsla stuðlar að því að búa börn og ungmenni þekkingu, færni og gildum sem gera þeim kleift að þróa heilbrigð sambönd og íhuga hvernig ákvarðanir þeirra hafa áhrif á eigin líðan sem og annarra. Með kynfræðslu er einnig stuðlað að kynheilbrigði ungs fólks (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009) en eru skólar og frístundamiðstöðvar í lykilstöðu þegar kemur að því að veita góða og markvissa kynfræðslu til barna og unglunga (Dagbjört Ásbjörnsdóttir o.fl., 2016).

Alþjóðleg eigindleg rannsókn á skoðunum nemenda, sérfræðinga og fagfólks á sviði kynfræðslu, leiddi í ljós að alhliða kynfræðsla þarf að fela í sér jákvæð viðhorf til kynlífs og menninganæma nálgun. Alhliða kynfræðsla ætti að veita menntun sem endurspeglar fjölbreytileika kynlífs og ögra staðalímyndum kynjanna; fræða um samþykki, kynferðislega misnotkun og netöryggi; ásamt því að fræða um öruggt kynlíf, meðgöngu og þungunarrof; sem og sambönd og tilfinningar (Pound o.fl., 2017). Einstaklingur ætti að öðlast færni til að tjá sig við kynlífsfélaga og læra að setja mörk (Sóley S. Bender, 2012). Formleg kynfræðsla sem hefst áður en unglingar byrja að stunda kynlíf, getur með áhrifaríkum hætti dregið úr áhættuhegðun sem hefur skaðleg áhrif á kynheilbrigði þeirra. Samkvæmt niðurstöðum bandarískrar rannsóknar byrjuðu unglingar sem fengu slíka kynfræðslu, seinna að stunda kynmök og notuðu frekar getnaðarvarnir er þeir stunduðu kynlíf í fyrsta sinn. Kynfræðsla reyndist einkum mikilvæg fyrir þá hópa sem eru líklegir til að byrja að stunda kynlíf snemma um ævina og smitast af kynsjúkdómum (Mueller o.fl., 2008).

Rannsókn Mueller, Gavin og Kulkarni (2008) sýnir fram á jákvæð tengsl milli þess að unglingar hljóti kynfræðslu áður en þeir stunda fyrst kynlíf. Greining gagna benti til þess að ef kynfræðsla á sér stað fyrir fyrstu kynlífsreynslu, getur það stuðlað að kynheilbrigði ungmenna. Frekari rannsóknir hafa sýnt að unglingar sem fengið hafa fræðslu og opið samtal um kynlíf, byrja síðar að stunda kynlíf og eru ábyrgari er þau byrja. Til að mynda verða

líkurnar á kynsjúkdómasmitum, ótímabærum þungunum og kynferðislegu ofbeldi minni. Opin og innihaldsrík umræða um kynlíf og kynhegðun getur skilað sér í að börn og unglingar læra að takast betur á við tilfinningar sínar og félagslegan þrýsting. Þannig eru unglingar betur í stakk búnir er þeir eiga í samböndum við annað fólk, mynda heilbrigð og góð tengsl ásamt því að þekkja mörk (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, o.fl., 2009).

## 2.1 Kynþroski

Kynþroski er yfirleitt fyrsta viðfangsefni kynfræðslu í grunnskólum. Kynþroskaskeiðið er sá tími ævinnar sem einkennist af töluverðum líkamlegum breytingum auk sálrænna og félagslegra breytinga. Þessar breytingar verða til vegna flókinna breytinga á hormónastarfsemi, þá sérstaklega kynhormóna (Árni V. Þórsson, 2000). Kynþroski er mjög persónubundinn og getur einstaklingur byrjað á kynþroskaskeiði allt frá aldrinum átta til átján ára, en samspil erfða og umhverfisþátta eiga þar í hlut (Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir o.fl., 2017). Fræðsla um kynþroska fer þó iðulega ekki fram fyrr en í kringum 6. eða 7. bekk, sem getur reynst of seint fyrir suma einstaklinga. Stækkun brjóstskirtla eru meðal fyrstu kynþroskaeinkenna íslenskra stúlkna. Þessi einkenni koma fram að meðaltali við 10,7 ára aldur og um hálfu ári síðar hefst gjarnan vöxtur líkamshára (Árni V. Þórsson o.fl., 2000b). Þessi einkenni kynþroska koma í mörgum tilfellum fram áður en stelpur fá kynfræðslu. Í rannsókn Árna V. Þórssonar (2000a) var kynþroskaaldur íslenskra drengja einnig skoðaður. Meðalaldur drengja við upphaf kynþroska var talinn 11,89 ár sem er á svipuðum tíma og kynfræðsla hefst í skólum. Þetta gefur til kynna að bráðþroska einstaklingar hafa líklega ekki fengið viðeigandi fræðslu um kynþroska í skóla á þeim tíma sem þörf var á. Þetta skeið lífsins hefur miklar breytingar í för með sér og miklar tilfinningar spretta upp meðal ungmenna. Það getur haft slæmar afleiðingar í för með sér en mörg börn upplifa hálfgerða skömm og ótta þar sem þau eiga erfitt með að skilja hvað er að eiga sér stað innra með þeim. Mörg börn hafa ekki það bakland sem þau þurfa til þess að veita þeim stuðning í gegnum kynþroskann og þess vegna er mikilvægt að skólinn sé til staðar til þess að veita þeim þessa aðstoð. Það er misjafnt hvenær kynþroskaskeið hefst hjá einstaklingum og þess vegna er brýnt að fræðslan byrji snemma á skólagöngunni.

## 2.2 Klám og klámvæðing

Það getur reynst nokkuð erfitt að skilgreina hugtakið klám þar sem fólk er oft ósammála um hvað felst í hugtakinu. Til er fjöldinn allur af skilgreiningum á hugtakinu og telja margir þær ráðast af tíðaranda og þeim gildum sem ríkja í samfélagi hverju sinni. Í íslenskum lögum er til að mynda engin skilgreining á hugtakinu. Þar segir að klám sé afstætt hugtak og er það hlutverk dómstóla að skera úr um hvað er klám og hvað ekki að hverju sinni (Sólveig

Jónasdóttir, 1996). Mönnum hefur einnig þótt erfitt að greina á milli kláms og erótíkur. Femínískur heimspekingur að nafni Helen Longino (1980) skilgreindi hugtakið klám sem kynferðislegt efni sem birtir niðurlægjandi eða móðgandi kynferðislega hegðun sem styður þá athöfn sem lýst er. Með hugtakinu erótík er átt við „kynferðislegt efni sem byggir á jafnrétti“. Skilgreiningar á þessum hugtökum eru þó mjög umdeildar og erfitt er að koma upp einni skilgreiningu sem allir eru sammála um (Leidholdt og Russell, 1989).

Áhorf á klámi og kynferðislega opinskáu efni hefur aukist gríðarlega í heiminum samhliða aukinni tæknivæðingu. Þar sem flest ungmenni í dag hafa greiðan aðgang að veraldarvefnum verður sífelldu auðveldara fyrir ungt fólk að nálgast klám á netinu. Með vaxandi klámvæðingu á Vesturlöndum hafa áhyggjur af hugsanlegum afleiðingum þess aukist. Umfjöllunin hefur ásamt því að fjalla um klámið sem slíkt, snúið að útbreiðslu þess og afleiðingum, breytingum á kynhegðun einstaklinga, áhrifum ólíkra aldurshópa og kyni áhorfenda (Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson, 2006). Orð sem tengjast kynlífi eru meðal algengustu leitarorða á leitarvélum internetsins. Til eru ótal margar vefsíður sem bjóða upp á kynferðislega opinskátt efni og á hverjum degi bætast við nýjar erótískar vefsíður á netið svo hundruðum skipti (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009). Hinir ýmsu miðlar spila stærra hlutverk með hverju árinu í lífi barna og unglunga en áður þótti venja. Börn og ungmenni horfa til að mynda mikið á sjónvarp, tónlistarmyndbönd og annað efni á netinu þar sem kynferðislegt efni birtist gjarnan, sem sendir oftast en ekki villandi skilaboð um kynlíf til fólks. Í dag geta ungmenni nálgast kynferðislegt efni á örskotstundu á netinu. Börn og unglingar eiga það til að tileinka sér það sem þau sjá og fræðast um á netinu, en kynlíf er þar engin undantekning. Það skiptir miklu máli hvar þau fá upplýsingar um kynlíf og hvort þær séu áreiðanlegar. Þegar kemur að kynfræðslu er mikilvægt að ungmenni fái áreiðanlegar upplýsingar frá fullorðnum aðilum hvort sem það er foreldri, kennari, hjúkrunarfræðingur eða annar hæfur einstaklingur (Anni G. Haugen og Ástrós Erla Benediktsdóttir, 2015).

Aðgangur að klámi er einnig orðinn mun aðgengilegri og getur í raun hver sem er nálgast kynferðislega opinskátt efni á netinu ef viðkomandi veit hvernig skal leita. Rannsókn eftir Guðbjörgu Hildi Kolbeinsdóttur (2016) um klámáhorf unglunga á Íslandi, leiddi í ljós að af 323 einstaklingum á aldrinum 14-18 ára, höfðu 96% drengja og 88,7% stúlkna horft á klám. Þá kom í ljós að meðalaldurinn þegar ungmennin sáu klám í fyrsta sinn voru 11,7 ár og svipaðar niðurstöður hafa komið í ljós í rannsóknum á Norðurlöndum. Þetta þýðir að börn byrja í mörgum tilfellum að horfa á klám í grunnskóla. Unglingar ættu ekki að læra um kynlíf með

því að horfa á klám. Klámheimurinn býr til ákveðnar hugmyndir um hvernig kynlíf eigi að vera og getur það leitt til ranghugmynda um hvað telst vera eðlilegt í kynlífi.

Flestar þjóðir reyna að takmarka aðgang barna og unglunga að kynferðislega opinskáu efni en með tilkomu veraldarvefsins hefur það verkefni reynst mjög erfitt þótt reynt sé að spyrna við fótum (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009). Klám hefur einnig skaðleg áhrif á sjálfsmynd ungmenna. Ungmenni eiga það til að bera sig saman við fólk í klámi og þar sem sjálfsmyndin er í fullri mótun á unglingsárum er mikilvægt að þau geri sér grein fyrir afleiðingum sem áhorf kláms getur haft á sjálfsmynd þeirra. Rannsóknir hafa leitt í ljós að hugmyndir unglunga um kynlíf byggjast oft á klámáhorfi og þess vegna er mikilvægt að auka fræðslu í þeim málum. Góð kynfræðsla veitir börnum og unglungum réttar upplýsingar. Þetta skiptir miklu máli í dag þar sem gríðarlegt magn upplýsinga er aðgengilegt og börn hafa hvorki þroska né getu til að greina á milli þess sem er rétt og rangt (Sigríður Dögg Arnardóttir, 2014). Kynlíf er eðlilegur hluti af lífinu og það er mikilvægt að fræða börn og ungmenni um að það sem telst eðlilegt í klámi, á oft lítið skylt við það sem þykir eðlilegt í kynlífi (Anni G. Haugen og Ástrós Erla Benediktsdóttir, 2015). Mikilvægt er að ræða við þau um heilbriggt kynlíf til að skerpa á gagnrýnni hugsun, brjóta upp staðalímyndir og leiðréttar ranghugmyndir. Markmið fræðslunnar skal vera að gefa ungum einstaklingum tækifæri á að byggja upp heilbrigða sjálfsmynd og jákvætt viðhorf til kynlífs.

### **2.3 Samskipti og mörk**

Kynfræðsla ætti ekki síður að snúa að samskiptum kynjanna og persónulegum mörkum. Markviss fræðsla sem hefst snemma á lífsleiðinni eykur líkurnar á betri sjálfsmynd og sjálfstrausti einstaklings (Starrs, 2017). Kynfræðsla ætti að byggja á skilningi á hugmyndum um samþykki, jafnræði og virðingu fyrir eigin mörkum jafnt sem annarra, bæði í nánnum samböndum og í samfélaginu almennt (Ketting og Ivanova, 2018). Góðar aðferðir í samskiptum geta haft jákvæð áhrif á líf einstaklinga og þeirra sem í kringum þá eru (Pálmar Ragnarsson, 2020). Með því að tileinka sér slíkar aðferðir er hægt að komast hjá árekstrum í samskiptum við annað fólk, einfalda og betrubæta eigið líf. Fræðslu um samskipti og mörk virðist vera ábótavant í kynfræðslu á Íslandi. Niðurstöður rannsóknar á íslenskum nemendum í 8. bekk gáfu þau svör að 28% stúlkna og 32% drengja fannst erfitt að tjá sig um kynlíf við þá einstaklinga sem þau stunda það með (Sóley S. Bender og Álfheiður Freyja Friðbjarnardóttir, 2015). Algengt er að ungt fólk upplifi óvissu um sjálft sig og skorti stefnu í lífinu. Einstaklingur

þarf að læra að þekkja sig og sín gildi, annars getur reynst vandasamt að bera kennsl á mörk og tjá sig um kynlíf á árangursríkan hátt (Erikson, 1968).

Mikilvægt er að ungt fólk fái þá fræðslu sem það þarfnast til þess að bera kennsl á heilbrigð og óheilbrigð samskipti. Samkvæmt rannsókn Guðnýjar Rósar Jónsdóttur (2021) vilja unglingar meiri fræðslu um þessi efni. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að ekki er næg fræðsla um samþykki, samskipti og heilbrigð mörk. 13% karlkyns þátttakenda töldu sig ekki þurfa slíka fræðslu, sem getur verið vegna áhrifa feðraveldisins. Íslensk rannsókn sem kannaði reynslu kvenna af kynferðisofbeldi í nánnum samböndum á unglingsárum sýndi að viðmælendur tengdu skort á kynfræðslu við berskjöldun sína gegn ofbeldinu. Fræðslu um samskipti og ofbeldi höfðu þær ekki fengið sem hafði áhrif á skakka mynd þeirra um kynlíf (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017). Rannsókn Sóleyjar S. Bender (2019) á smokkanotkun ungmenna gaf þær niðurstöður að óvissa ríkti meðal ungs fólks um samþykki í kynlífi. Samkvæmt frásögnum ungra karlmanna getur verið áskorun að ræða getnaðarvarnir og sækja smokka í miðju kynlífi við ótta um að skemma augnablikið. Einstaklingar gerðu gjarnan ráð fyrir því að samþykki væri til staðar út frá líkamsbeitingu hins aðilans eða ef sá hinn sami sýndi enga áberandi mótstöðu. Í sömu rannsókn mátti sjá skort á samskiptum gagnkynhneigðra ungra karla í kynlífi þar sem menn settu á sig smokk í upphafi samfara en tóku hann síðan af án vitundar stelpunnar. Í slíkum aðstæðum er nauðsynlegt að skýr samskipti eigi sér stað til þess að fyrirbyggja mismunandi upplifanir kynlífsins, svo báðir aðilar séu meðvitaðir um stöðu mála og hafi tækifæri til að hætta kynlífi eða sækja nýjar verjur. Í sumum löndum er þetta athæfi ólöglegt og talið sem nauðgun (Gotell og Grant, 2021). Af þessum niðurstöðum má sjá að þörf er á kynfræðslu ungmenna til þess að sporna gegn og fyrirbyggja ólíkan skilning og upplifanir kynjanna í kynlífi. Niðurstöðurnar sýna enn fremur fram á mikilvægi þess að fólk þurfi að ræða saman um hvað það vill og vill ekki í kynlífi. Samskipti um mörk, getnaðarvarnir og kynferðislegar langanir er grundvöllur þess að kynlíf verði ánægjulegt, öruggt og laust við mismunandi upplifanir þeirra sem eiga í hlut (Sóley S. Bender, 2019).

Ofbeldi getur birst í hinum ýmsu myndum. Samkvæmt Embætti landlæknis (2012) er ofbeldi skipt upp í þrjá flokka: líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi. Kynferðisofbeldi sem á sér stað í samböndum ungmenna er síður rakið til líkamlegrar valdbeitingar heldur frekar þrýstings sem annar aðilinn beitir. Þessi þrýstingur getur aukist eftir því sem á líður og þannig gert unglingum erfitt fyrir að átta sig á að ofbeldi sé að eiga sér stað (Barter o.fl., 2009). Slíkt kynferðisofbeldi tengist mörkum og skýrum samskiptum beint

þar sem ungmenni þora ef til vill ekki að tjá sig á hreinskilinn hátt og mörkin eru óskýr þar sem lítið samtal hefur átt sér stað. Þegar talað er um samskipti og samþykki í kynlífi gera sumir ráð fyrir því að kynlífi sé annað hvort hafnað með skýru „nei“ eða samþykkt með „já“. Mannleg samskipti eru ekki alltaf svo hispurslaus og því erfitt að ætlast til þess að samskipti í kynlífi séu það (Coy o.fl., 2013). Í rannsókn Finnborgar S. Steinþórsdóttur og Gyðu M. Pétursdóttur (2019) gefa svör þátttakenda um samskipti, vísbendingar um að í samfélaginu séu bein orðaskipti í kynlífi ekki talin kynæsandi. Skilaboðin sem fólk fær eru því að samskipti eigi að búa yfir dulúð og óvissu. Þá vilja sumir meina að nei þýði stundum já, og suði og þrýstingi beitt til að þvinga fram samþykki. Það er mikilvægt að ungt fólk átti sig á því að kynlíf er athöfn sem á að eiga sér stað með samþykki þeirra sem eiga í hlut. Kynlíf ætti að byggja á trausti og trúnaði (Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Ársæll Arnarsson, 2018). Það er þó ekki hér með sagt að kynferðisofbeldi einskorðist aðeins við samskiptaleyfi. Ofbeldi af kynferðislegum toga hefur margar ólíkar birtingarmyndir. Kynferðislegt ofbeldi er skilgreint sem hvers kyns þvinguð kynferðisleg snerting eða hegðun sem á sér stað án samþykkis og brýtur gegn kynheilbrigði einstaklings. Öll kynferðisleg samskipti milli barns og fullorðins einstaklings telst einnig til ofbeldis. Einstaklingur undir lögaldri hefur hvorki þroska né nægan skilning til þess að veita samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum þar sem aðili sem hefur yfirburði gagnvart barninu, á í hlut (Margrét Edda Örnólfsdóttir o.fl, 2017; Kellogg, 2005).

## 2.4 Kynheilbrigði

Það er réttur barna og unglunga að fá alhliða kynfræðslu sem stuðlar að kynheilbrigði. Til þess að viðhalda kynheilbrigði er nauðsynlegt að kynferðisleg réttindi (e. sexual rights) alls fólks séu viðurkennd og þeim viðhaldið (WHO og PAHO, 2000). Yfirlýsing Alþjóðasamtaka um kynheilbrigði (WAS) (2014) segir að kynferðisleg réttindi feli í sér réttinn að lifa heilbrigðu kynlífi þar sem gætt er að öryggi, að geta notið jafnréttis og að sæta ekki mismunun eða ofbeldi. Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (WHO) og Pan American heilbrigðisstofnunin (PAHO) (2000) skilgreina kynheilbrigði sem upplifun á virku ferli líkamlegrar, sálrænnar og félagslegrar velferðar sem tengist kynlífi og kynverund. Sóley S. Bender (2006) greinir frá því að kynheilbrigði skiptist upp í kynlífsheilbrigði og frjósemisheilbrigði. Þættir sem snúa að kynlífsheilbrigði eru á borð við heilbriggt og ánægjulegt kynlíf og frjósemisheilbrigði vísar til ábyrgs kynlífs og vals einstaklinga um tilhögun barneigna.

Er ungmenni verða kynferðislega virk eykur það líkurnar á vandkvæðum sem snerta kynheilbrigði. Neikvæðar afleiðingar kynlífs á borð við ótímabærar þunganir, þungunarrof,

kynsjúkdómasmit og kynferðisofbeldi, er hægt að fyrirbyggja með markvissri fræðslu og umræðu (Embætti landlæknis, 2014). Kynfræðsla er gjarnan sett fram sem tól til að draga úr áhættu og neikvæðum afleiðingum kynlífs. Markmið kynfræðslu ættu þó að vera víðtækari og snúa að því að styðja við kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks sem og hjálpa þeim að verða að heilbrigðum fullorðnum einstaklingum (Kantor og Lindberg, 2020). Unglingar hér á landi byrja fyrr að stunda kynlíf en unglingar annars staðar í Evrópu. Nýleg rannsókn á kynlífsvirkni unglunga á Íslandi sýndi að um fjórðungur þátttakenda höfðu þegar stundað kynlíf. Af 3.545 nemendum í 10. bekk sögðust 24,4% drengja og 23,0% stúlkna hafa haft samfarir (Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Ársæll Arnarsson, 2018). Þessar niðurstöður benda til þess að tryggja þurfi börnum og unglingum viðeigandi og vandaða fræðslu um kynheilbrigði snemma á skólagöngunni (Embætti landlæknis, 2019) en því yngri sem unglingar byrja að stunda kynlíf, þeim mun líklegri er að þeir upplifi neikvæðar afleiðingar þess (Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Ársæll Arnarsson, 2018). Aukin hætta er á þvinguðu kynlífi, kynsjúkdómasmitum og ótímabærum þungunum (Hansen o.fl., 2010).

Niðurstöður rannsókna hafa gefið vísbendingar um að aukin kynfræðsla stuðli að betra kynheilbrigði meðal barna og ungmenna. Ótímabærar þunganir unglingsstúlkna og kynsjúkdómasmit eru algengari hérlendis en í öðrum löndum Evrópu. Þessar upplýsingar benda til þess að vinna bót megi á kynheilbrigði íslenskra unglunga. Mikilvægt er að efla kynfræðslu sem tekur mið af fyrirliggjandi gögnum og byggi á nýjustu þekkingu (Sóley S. Bender og Álfheiður Freyja Friðbjarnarsdóttir, 2015).



### 3 Kynfræðsla í skólakerfinu

Kynfræðsla hefur lengi átt erfitt uppdráttar í íslensku samfélagi og á köflum hefur viðfangsefnið ýmist verið tilefni harðvítugra deilna eða þöggunar. Þessi ýktu viðbrögð undirstrika hversu viðkvæmt viðfangsefnið er og þykir oft eldfimt. Því er mikilvægt að nálgast efnið faglega (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009). Kennari í Reykjavík að nafni Aðalsteinn Sigmundarson var fordæmdur af samfélaginu fyrir að fræða nemendur um kynfæri líkamans árið 1934. Á þeim tíma ríkti mikil þögn meðal fólks um kynferðisleg málefni. Ekki þótti viðeigandi að fjalla um mál sem þessi og þá sérstaklega ekki í skólum landsins (Sóley S. Bender, 2006). Aðalsteinn sá hversu mikilvægt það er að grípa snemma til aðgerða til að stuðla að heilbrigðara lífi ungmenna. Um það bil fjörutíu árum síðar eða árið 1975 voru sett lög til að efla kynfræðslu og ráðgjöf um kynlíf í landinu og gáfu þau góð fyrirheit. Þessi fræðsla átti hins vegar ekki að fara fram í skólum landsins, heldur sáú heilsugæslustöðvar og sjúkrahús um ráðgjöf í þessum málum. Þar sá fagfólk á borð við hjúkrunarfólk, ljósmæður, lækna og félagsráðgjafa alfarið um fræðsluna (Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, 1975). Rúmum þrjátíu árum síðar var ljóst að minna hafði orðið um efndir en til stóð, til dæmis hvað varðar heildstæða kynfræðslu. Upp úr 1990 var aukin umræða á heimsvísu um kynlífs- og frjósemisheilbrigði. Í þeirri umræðu var lögð áhersla á heilbriggt kynlíf og hvernig kynheilbrigði hafði áhrif á líkamlega, andlega, félagslega og tilfinningalega þætti sem stuðla að heilbrigði og vellíðan (Sóley S. Bender, 2006). Skortur á heildarsýn og stefnumótun í kynfræðslu, forvörnum og kynheilbrigðismálum bitnar mest á börnum og unglíngum. Samkvæmt könnun sem Ástráður forvarnarfélag læknanema gerði á þekkingu og viðhorfum ungmenna til kynfræðslu, kom bæði fram verulegur misskilningur og vanþekking á ýmsum grundvallar atriðum mannlegrar kynverundar (Kolbrún Gunnarsdóttir o.fl., 2008). Þrátt fyrir hæga þróun í þessum málum, þá hefur fræðsla um kynlífsheilbrigði svo sannarlega farið batnandi en það er ávallt hægt að gera betur.

Kynfræðsla í skólum landsins er að mestu í höndum kennara og hjúkrunarfræðinga. Einnig er eitthvað um það að námsráðgjafar, frístundaleiðbeinendur eða aðrir utanaðkomandi aðilar sjái um hana. Samvinna á milli þessa aðila er þó takmörkuð og mikið ósamræmi er á milli skóla um hvernig henni skuli vera háttað. Misjafnt er hversu ítarlega er farið í viðfangsefni fræðslunnar og hversu miklum tíma er varið í hana (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009). Eins og stendur virðist fjöldi kynfræðslutíma og efnisval ráðast miklu leyti af áhuga og eldmóði einstakra kennara. Þar sem það er engin yfirsýn eða áætlun í aðalnámskrá um kynfræðslu í grunnskólum, þá er hætta á því að mikilvægir þættir hennar verði útundan og mörg börn fari á mis við mikilvæga vitneskju. Samkvæmt

rannsóknarniðurstöðum meðal 16 ára nemenda, fræða aðeins um 18% íslenskra foreldra börn sín um kynlíf og þess vegna er mikilvægt að skólinn sé til staðar fyrir nemendur til að veita góða og árangursríka kynfræðslu (Sigríður Dögg Arnardóttir, 2014). Þegar nemendur fá enga fræðslu frá foreldrum eða kennurum, fara þeir aðrar leiðir til þess að leita svara og geta þær upplýsingar verið villandi og óáreiðanlegar.

Heilbrigði og velferð er einn af grunnþáttum aðalnámskrár grunnskóla. Þar segir að allt skólastarf skuli efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan, þar sem börn og ungmenni verja stórum hluta dagsins í skólanum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Mikilvægt er að skipulögð kynfræðsla byrji snemma, helst við upphaf grunnskóla og jafnvel í leikskólum (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009). Viðfangsefni hennar þurfa að vera nemendum eðlislæg svo að þeir geti tekið fræðsluna með sér út í lífið. Gott er að læra jafnt og þétt um kynfræðslu í gegnum skólagönguna. Börn og ungmenni þurfa að vera vel upplýst um þessi mál til þess að auðvelda þeim að tjá sig á eðlilegan hátt um kynlíf, bera ábyrgð á gjörðum sínum og byggja upp heilbrigð sambönd sem veita ánægju. Ungmenni þurfa að vita að líkami, tilfinningar, kynfæri og kynlíf eru ekki leyndarmál heldur eðlilegur partur af lífi einstaklinga. Árið 2016 var settur saman starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar og átti hann að kanna stöðu kynfræðslumála innan skóla- og frístundasviðs og koma með tillögur að úrbótum. Þá kom í ljós að ungt fólk í dag óskar eftir meiri og markvissari kynfræðslu en boðið hefur verið upp á í skólakerfinu hingað til og vilja einnig að hún byrji fyrr (Dagbjört Ásbjörnsdóttir o.fl., 2016).

Kynfræðsla í grunnskólum er mikilvæg fyrir samfélag og þegna þess. Kynfræðsla er lögbundin og eiga öll börn og unglingar rétt á að fá alhliða og markvissa kynfræðslu á skyldunámsstigi þar sem tillit er tekið til fjölbreytileikans (Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, 1975). Nauðsynlegt er að öll börn fræðist um líkamann, kynlíf og sambönd og því er kynfræðsla mikilvægur partur af lífi einstaklings, enda erum við öll kynverur. Með alhliða kynfræðslu verður einstaklingur ábyrgari í hegðun og stuðlar hún að heilbrigðari lífsstíl. Til þess að kynfræðsla teljist alhliða þarf að skoða viðfangsefni hennar út frá fjölbreytileika samfélagsins. Ljóst er að auka þarf kynfræðslu fyrir fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópum eins og börn með þroskaskerðingu eða skilgreina sig sem hinsegin. Rannsóknir hafa sýnt að ungar stelpur sem eru greindar með þroskahömlun hafa oft verið fjarlægðar úr tímum þegar kynfræðsla á sér stað, og þar af leiðandi fara þær á mis við mikilvæga vitneskju. Fullorðnir einstaklingar eiga það til að líta á börn með þroskaskerðingu sem kynlausa einstaklinga, en fötluð börn eru líka kynverur og þurfa að læra kynfræðslu. Þetta getur haft slæmar afleiðingar þegar það kemur að því að taka heilbrigðar ákvarðanir í

tengslum við kynheilbrigði og sambönd (Strnadová o.fl., 2021). Þegar það kemur að hinseginfræðslu er margt ábótavant. Þar sem hið gagnkynhneigða norm er enn ríkjandi viðhorf í flestum samfélögum er hættu á því að kynfræðsla sé miðuð út frá því. Þar með er kynfræðslan ekki fyrir alla og því er hún ekki alhliða (Sólveig Rós Másdóttir, 2015).

Fræðslan þarf síður en svo að fara eftir ákveðnu skipulagi, þó það sé alltaf gott að hafa ákveðinn ramma að leiðarljósi. Gott er að hún sé fljótandi að einhverju leyti og mikilvægt er að sá sem sinnir fræðslunni sé meðvitaður um að nýta samfélagsumræðu og fjölmiðlaumfjöllun þegar tækifæri gefast til, og flétta það inn í hefðbundna kennslu skólans. Kennari skal ávallt vera með puttann á púlsinum og vera reiðubúinn til að opna á umræðu um málefni líðandi stundar (Dagbjört Ásbjörnsdóttir o.fl., 2016).

### **3.1 Aðalnámskrá grunnskóla**

Hlutverk aðalnámskrár grunnskóla er margþætt. Hún fjallar meðal annars um markmið og skipulag skólastarfs í grunnskólum landsins og þar eru einnig sett fram fyrirmæli stjórnvalda um skólastefnu. Það tekur til að hverju skólaganga barna og ungmenna eigi að stefna og hvaða þekkingu, leikni og hæfni stjórnvöld telja mikilvæg til framtíðar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Hún er þannig notuð sem stjórnæki til þess að fylgja eftir ákvæðum laga, fyrirmæli fræðsluyfirvalda um skólastefnu og safn sameiginlegra markmiða skólastarfs í landinu. Með henni er ætlað að samræma nám og kennslu og tryggja þannig rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarks menntunar og jafnrétti til náms (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Samkvæmt lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir (nr. 25/1975) segir að kynfræðsla eigi að vera kennd á skyldunámsstigi í skólum landsins. Þegar kemur að aðalnámskrá grunnskóla er þó margt óskýrt. Það kemur skýrt fram að aðalnámskrá (2011) sé notuð sem leiðarljós fyrir bæði kennara og þá sem standa að námsefnisgerð, en það getur reynst erfitt að tileinka sér hana sem vegvísi í kynfræðslu þegar lítið sem ekkert er fjallað um hana. Orðið kynfræðsla kemur til dæmis aldrei fyrir í aðalnámskrá og þar eru engar almennilegar upplýsingar að finna um hvernig henni eigi að vera háttað í skólum. Mikið þarf að hafa fyrir því að finna hugtök kynfræðslunnar undir hinum ýmsu námsgreinum. Í aðalnámskrá eru hæfniviðmið fyrir íþróttir, náttúrugreinar og samfélagsgreinar sem gætu hugsanlega fallið undir kynfræðslu. Hæfniviðmið aðalnámskrár eru mörg og getur því verið

auðvelt að horfa framhjá þeim örfáu markmiðum sem falla undir kynfræðslu. Það er því í höndum kennarans að velja og hafna hvaða hæfniviðmið eru notuð að hverju sinni.

Í hæfniviðmiðum skólaíþrótta kemur fram að við lok fjórða bekkjar á nemandi að geta „gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans“ og geta „útskýrt líkamlegan mun á kynjum“. Síðan við lok tíunda bekkjar á nemandi að geta „rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Íþróttir í skólum gegna veigamiklu hlutverki í heilsu uppeldi og heilsurækt nemandans alla grunnskólagönguna. Samkvæmt Aðalnámskrá (2013) skulu öll hæfniviðmið höfð í huga við skipulagningu íþrótta, þar á meðal þau hæfniviðmið sem falla undir kynfræðslu.

Í hæfniviðmiðum náttúrugreina segir að við lok fjórða bekkjar á nemandi að geta „útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans“ sem gefur til kynna að kynfræðsla eigi að byrja heldur snemma á grunnskólagöngunni. Við lok sjöunda bekkjar á nemandi svo að geta „lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna“. Þetta bendir til þess að nemendur ættu að fá fræðslu um kynþroska fyrir tólf ára aldur (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Við lok tíunda bekkjar á nemandi samkvæmt aðalnámskrá að geta „útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði.“. Með fyrrnefndum hæfniviðmiðum er áhersla aðallega lögð á kynfræðslu í tengslum við mannlíkamann og æxlun. Nauðsynlegt er að bjóða upp á alhliða kynfræðslu sem tekur til töluvert fleiri þátta og víðara svið.

Stærsti hluti kynfræðslunnar í aðalnámskrá fellur undir samfélagsgreinar. Þar koma fram mörg hæfniviðmið sem tengja má við kynfræðslu. Þar eru hæfniviðmið sem leggja áherslu á að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, mannréttindi og jöfnuð, að gera sér grein fyrir margbreytileikanum, kyn og kynhneigð, kynhlutverk og kyngervi, sjálfsmynd og tilfinningar, svo eitthvað sé nefnt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Tækifæri til þess að fræða börn og ungmenni eru allt um kring. Ógrynni tækifæra eru að finna í samfélagslegri umræðu sem hægt væri að tengja við mannlega kynverund, hvort sem það sé tjáning tilfinninga, mismunandi fjölskyldugerðir, kynlíf eða kynhneigð. Hér skiptir mestu máli að flétta þessi viðfangsefni saman við önnur umræðuefni á áreynslulausan hátt, þannig umræðan verði eðlileg og sjálfögð (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009). Það er því nokkuð ljóst að það vantar markvissa endurskoðun og þróun námsefnis í þessum efnum. Einnig er þörf á reglulegri

endurmenntun kennara og hjúkrunarfræðinga í kynfræðslu svo þau geti frætt ungmenni í takt við tímann.

### 3.2 Lög um kynfræðslu

Hlutverk skólanna er að stuðla að alhliða þroska nemenda og sjá til þess að þeir verði virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í stöðugri þróun. Í 24.gr um aðalnámskrá kemur fram að ráðherra skuli setja grunnskólum reglulega endurskoðaða aðalnámskrá, sem tekur mið af uppeldishlutverki grunnskólans og meginstefnu kennslunar. Í henni er lögð áhersla meðal annars á líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Kveðið er um eitt markmið grunnskólanna, að nám, kennsla og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í lögum um grunnskóla (2008) er kveðið um þætti sem falla undir kynfræðslu, þrátt fyrir að ekki sé sérstakt ákvæði um hana. Lögin koma inn á efni sem snúast um líkamlega og andlega velferð einstaklingsins sem fellur sannarlega undir kynfræðslu. Einnig er kveðið á um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur skólans eiga rétt á að fá fræðslu við hæfi, óháð mismununar. Þess vegna er mikilvægt að skólar tileinki sér alhliða kynfræðslu sem leggi áherslu á fjölbreytileikann. Samkvæmt lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir (1975) kemur fram að gefa skuli fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Undir þetta fellur fræðsla um ráðgjöf, notkun og útvegum getnaðarvarna, kynlífsfræðsla, ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks og um þá aðstoð sem konunni stendur til boða varðandi meðgöngu og barnsburð. Hægt er að nálgast þessa þjónustu á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Starfsfólk sem veitir ráðgjöf í þessum málum eru á borð við lækna, félagsráðgjafa, ljósmæður, hjúkrunarfólk og kennara eftir því sem þörf krefur. Í samráði við skólayfirlækni skulu fræðsluyfirvöld veita fræðslu um kynlíf og siðferði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins.

### 3.3 Áherslur í kynfræðslu í grunnskólum

Það hefur lengi verið deilumál um hvernig og hvað skuli kenna í kynfræðslu. Kynfræðsla hefur lengi staðið höllum fæti í íslensku samfélagi. Áður fyrr mátti varla ræða kynlíf og hvað þá fræða börn og unglinga um það. Ljóst er að samfélagsleg umræða um kynferðismál hefur

opnast töluvert á síðastliðnum árum og áratugum. Þekking hefur aukist gríðarlega og orðræðan hefur breyst. Fyrr á tíðum var helst einungis rætt um kynlíf til æxlunar eða í fjósemistilgangi. Í dag hefur umræðan um kynlíf gjörbreyst og kynlífsheilbrigði eða kynlíf til þess að njóta er orðið viðurkennt (Sóley S. Bender, 2006). Hvort sem kynlíf sé kennt í tilgangi þess að fræða um æxlun eða til ánægju er mikilvægt að fræða ungmenni um hvoru tveggja. Í dag er kynlíf litið jákvæðari augum og það að ræða um kynlíf hefur stuðlað að frekara kynheilbrigði meðal einstaklinga. Það er meðal ástæðna fyrir því að talið er nauðsynlegt að börn og ungmenni fái innihaldsríka kynfræðslu í skólum.

Ungmenni hafa ítrekað óskað eftir aukinni kynfræðslu í skólum, þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og á aðra félagslega þætti kynhegðunar. Unglingar vilja vera vel upplýstir um viðfangsefni kynfræðslunnar á borð við samskipti, kynlíf, kynsjúkdóma og hinseginfræðslu. Mikilvægt er að tala opinskátt um efni kynfræðslunnar svo að ungmenni séu vel upplýst og geti tekið góðar ákvarðanir í tengslum við þeirra líkamlegu- og andlegu heilsu. Skilvirk leið til þess að stuðla að kynheilbrigði barna er með markvissri alhliða kynfræðslu sem börn og ungmenni eiga rétt á því að fá (WHO og PAHO, 2000). Til þess að stuðla að auknu kynheilbrigði barna er mikilvægt að áherslur í kynfræðslu séu réttar. Kynfræðsla í grunnskólum virðist vera jafn breytileg og skólar eru margir. Misjafnt er eftir skólum og kennurum hvar áherslan liggur í kynfræðslu en samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011) er fjallað um heilbrigði og velferð og þar segir: „Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra“. Þessi skilgreining aðalnámskrár er nokkuð víðtæk og erfitt er að greina hvaða þættir kynfræðslunnar falla undir þessa skýringu.

Í kynfræðslu á síðastliðnum árum hefur mikil áhersla verið lögð á kynþroska, getnað og forvarnir. Skólahjúkrunarfræðingar hafa hlotið það hlutverk að fræða um líffræðilega þætti kynlífs. (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, o.fl., 2016). Allt annað í kynfræðslu er í höndum kennarans en hann ber ábyrgð á að fræðslan fari fram. Oft treysta kennarar sér ekki að taka efnið fyrir, sérstaklega þar sem þeir hafa ekki sjálfir fengið kynfræðslu á sínum tíma og fengu einnig ekki menntun um hvernig sé best að kenna kynfræðslu. Þetta bitnar á nemendum þar sem þeir hljóta þar af leiðandi ekki góða alhliða kynfræðslu (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 1983). Algengt er þó að utanaðkomandi aðilar komi í örfá skipti með fræðslu inn í skólana sem er hreinlega ekki nóg.

Miklar samfélagslegar breytingar hafa orðið á síðustu árum, þar má nefna vitundarvakningu á kynhneigð og fjölbreytileika kyns en mikilvægt er að skólinn taki mið af þessum breytingum og skipuleggi kennslu út frá því (Olsson, 2016). Mikilvægt er að nemendur fái heildræna kynfræðslu sem kemur inn á efni á borð við hinsegin fræðslu, fötlunarfræðslu, klám og afleiðingar þess, samskipti og mörk, virðingu, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Erfitt er að segja hvar áherslan liggur nákvæmlega vegna þess að fræðslan er mismunandi milli skóla og eftir kennurum.

### 3.3.1 Hinseginfræðsla

Í kynfræðslu á Íslandi hefur lítið farið fyrir innihaldsríkri hinseginfræðslu. Kynfræðsla hefur um langt skeið verið byggð á upplifunum gagnkynhneigðra sískynja (e.cisgender) einstaklinga. Hugtakið „hinsegin“ er notað yfir þá einstaklinga sem ekki falla undir gagnkynhneigða regluveldið. Það eru hinsegin nemendur í öllum skólum landsins og mikilvægt að þeir finni fyrir öryggi og fordómaleysi (Menntastefna Reykjavíkur, e.d.). Hinsegin nemendur ættu að geta speglað sig í skólaumhverfinu og námsefninu, rétt eins og allir nemendur. Öll börn eru alls konar en hinsegin börn eiga það sameiginlegt að tilheyra ekki því sem telst samfélagslegt viðmið hvað kynhneigð, kynvitund, einkenni og tjáningu varðar. Samanber umfjöllun Jóns Ingvars Kjara og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2010) um gagnkynhneigðarhyggju.

Kynhneigð er hugtak sem vísar til þess hverjum fólk getur hrifist af, orðið ástfangið af og hvernig einstaklingar skilgreina sjálfa sig (Hinsegin frá Ö til A, e.d.-b; Kaestle, 2019). Á enskri tungu er notast við hugtökin „sexuality“ og „sexual orientation“. Það fyrra tekur aðallega til kynferðislegrar hegðunar og tilfinninga á meðan það síðara á við um einkenni einstaklings í tengslum við þau kyn sem hann laðast að. Í þessari ritgerð verður notast við íslenska hugtakið „kynhneigð“ sem nær yfir alla þessa þætti. Skilgreining Henderson (1988) gefur til kynna að kynhneigð samanstandi af viðbrögðum, skilgreiningum, túlkunum, hömlum og viðmiðum. Hægt er að hrífast kynferðislega, tilfinningalega, líkamlega eða alls ekkert að manneskju, en allir þessir þættir eru hluti af kynhneigð (ISHS, e.d). Ekki allir hrífast kynferðislega eða tilfinningalega að öðrum. Eikynhneigt (e. asexual) fólk laðast til að mynda aldrei eða sjaldan kynferðislega að öðru fólk en getur haft áhuga á rómantískum samböndum (Hinsegin frá Ö til A, e.d.-a). Mikilvægur hlekkur í umræðunni um kynhneigð er að skilgreining hennar er einstaklingsbundin og hver og einn getur skilið eigin kynhneigð á sinn hátt (SERC, e.d). Kynhneigð samanstendur af persónulegum eiginleikum einstaklings. Þessa eiginleika er að finna í þeirri vídd persónuleikans sem tekur lengstan tíma að átta sig á (Halperin o.fl., 1990). Á kynþroskaskeiði fer hugurinn að reika um ýmsa þætti kynhegðunar

og unglingar verða áhugasamir eða forvitnir. Eðlilegt er að börn og unglingar vilji kynna sér hluti sem þau þekkja ekki, máta sig við mismunandi kynhneigðir og tjáningu sem getur verið vegferð þeirra að átta sig á eigin sjálfi. Þrátt fyrir að þetta sé algengur hluti unglingsáranna getur þetta á sama tíma verið flókið tímabil fyrir ungt fólk og fjölskyldur þeirra. Að uppgötva og kanna kynhneigð sína getur verið frelsandi fyrir marga einstaklinga, á meðan aðrir kjósa síður að skilgreina kynhneigð sína. Að átta sig á auðkennum og eiginleikum sínum getur veitt unglingum tækifæri til að kynna og tilheyra nýju og nærandi samfélagi (Reach Out, e.d). Margir upplifa það að endurskoða kynhneigð sína nokkrum sinnum á lífsleiðinni og sækjast í að prófa nýja hluti. Það að kanna og skoða kynhneigð sína er ekki aðeins algengur hlutur, heldur einnig nauðsynlegur til að öðlast þekkingu á eigin sjálfi (Kaestle, 2019).

Umfjöllun um kyn og kynvitund á ekki síður heima í kynfræðslu. Kynvitund segir til um hvernig einstaklingur upplifir sig í sínu kyni. Kyn og kynvitund haldast ekki alltaf í hendur. Kynvitund flestra samræmist því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu og eru þeir einstaklingar sískynja. Aðrir vita að þeirra úthlutaða kyn er ekki þeirra rétta kyn og eru því trans. Enn aðrir upplifa fljótandi kynvitund sem getur verið blanda af karlkyni og kvenkyni eða hvorugu. Þeir einstaklingar eru kynsegin (Hinsegin frá Ö til A, e.d.-d).

Þegar gagnkynhneigð og sískyn eru samfélagsleg viðmið þýðir það að hinsegin einstaklingar eiga í meiri hættu á að verða fyrir fordómum, útskúfun og einelti (Reykjavíkurborg, e.d-a). Samtökin 78 (e.d) segja að þekking á hinsegin málefnum sé grundvöllur í þeirra mannréttindabaráttu. Fordómar eru gjarnan sagðir byggðir á fáfræði og þess vegna gegnir fræðsla gríðarlega mikilvægu hlutverki til að sporna gegn þeim og fyrirbyggja. Ungt fólk hefur lýst yfir óánægju sinni vegna skorts á upplýsingum um kynhneigðir og kynhegðun. Þeim finnst kynbundnir minnihlutahópar gleymast í þeirri fræðslu sem á sér stað í dag (Kantor og Lindberg, 2020). Nemendur í grunnskólum ættu að fá tækifæri til að fræðast um mismunandi kynhneigðir í kynfræðslu. Kynfræðsla á að veita ungu fólk þekkingu í stað fáfræði; staðreyndir og hreinskilni í stað leyndardóma; og viðurkenningu á kynhneigð, samböndum og ást ungs fólks, hvort sem það er með eða án maka (RFSU, 2017).

Þegar hinsegin málefni eru tekin fyrir í námi og kennslu, er oft dregin upp mjög einfölduð mynd af því sem telst til hinsegin samfélagsins í dag. Það er tilhneiging kennara að notast aðeins við tvær kennslufræðilegar nálganir í kynfræðslu; að breyta viðhorfum og miðla upplýsingum. Þessar tvær aðferðir eru táknrænar fyrir þær takmarkanir sem myndast þegar



málefni hinsegin fólks eru bundin við það að ráða bót á hinsegin fordómum (e. homophobia) (Britzman, 1998). Kynfræðsla hefur að miklu leyti gengið út á að fræða nemendur um kynæxlun og forvarnir þungana sem gerir hinsegin nemendum það erfitt að finna sig í námsefninu og taka fræðsluna til sín (Smith o.fl., 2014). Til að mynda fá konur sem laðast að öðrum konum sjaldan fræðslu um viðeigandi kynsjúkdómavarnir þar sem fræðslan miðar oftast en ekki við gagnkynhneigð. Það er algengur misskilningur að af því konur í samkynja samböndum séu ekki með getnaðarlim til að bera smokk, sé þar með talið að þær smitist ekki af kynsjúkdómum (Davíð Roach Gunnarsson o.fl., 2020). Konur sem stunda mök með öðrum konum geta líkt og aðrir fengið og smitað aðra af kynsjúkdómum, og ættu ekki síður að fá fræðslu um varnir sem hentar þeim (Marazzo o.fl., 2007). Alhliða kynfræðsla ætti að færa öllum börnum og unglingum óháð kynhneigð eða kynvitund, tól til að nýta á leið sinni til fullorðinsára á öruggan og ánægjulegan hátt (BZgA, 2018).

Fræðsla um hinseginleika og viðeigandi kynfræðsla fyrir hinsegin einstaklinga eru mikilvægir þættir sem börn og unglingar ættu að fræðast um snemma á lífsleiðinni. Allir nemendur græða á því að fá alhliða kynfræðslu sem inniheldur hinseginfræðslu. Nýleg rannsókn á kynfræðslu á Írlandi leiddi í ljós að fræðslan sem nemendur fengu var ekki alhliða. Kennarar þar telja að slæmt aðgengi þeirra að upplýsingum, þjálfun og úrræðum sé stór áhrifaþáttur takmarkaðrar kynfræðslu (O'Farrell o.fl., 2021). Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að auka ætti kynfræðsluefni á netinu og aðgengi að rafrænum fræðslum. Það muni koma til með að hafa jákvæð áhrif í framtíðinni auk þess hafa þar bæði ungmenni og fagfólk jafnt aðgengi til upplýsingaöflunar sem og miðlunar. Góð og innihaldsrík fræðsla getur ýtt undir skilning, virðingu, kynheilbrigði og jákvæða sjálfsmynd, og ungmenni taka með sér mikilvægar upplýsingar um úrræði til aðstoðar og stuðnings (BZgA, 2018). Niðurstöður nýlegrar rannsóknar á kynferðiseinelti í íslenskri skólamenningu benti til þess að oftast en ekki sé litið fram hjá kynjamisrétti og litlar afleiðingar fyrir gerendur á einelti sem beinist að kynferði þolanda (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018). Einelti sem heggur að kyni, kynvitund eða kynferði einstaklings er oft á tíðum lýst sem eðlilegum hlut af þroskaferli ungmenna og því vægt tekið á eineltinu (Aaltonen, 2003). Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að skólamenningu þurfi nauðsynlega að betrubæta og vinna í, svo hægt sé að fyrirbyggja frekara kynferðiseinelti (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018). Í stefnuskrá BZgA (2018) á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar eru fyrirbyggjandi gögn kynnt um afleiðingar og útkomu kynfræðslu í Evrópu og Mið-Asíu. Þar segir að markviss

fræðsla getur dregið úr hinsegin fordómum, kynsjúkdómasmitum, einelti og hvers kyns ofbeldi.

Starfsfólk skóla er í lykilhlutverki þegar kemur að því að gera skólaumhverfið og námið hinsegin vænna. Það er meðal annars gert með því að draga úr gagnkynhneigðarhyggju og kynjatvíhyggju. Gagnkynhneigðarhyggja birtist meðvitað eða ómeðvitað í hugsun og gjörðum einstaklinga, stofnana eða samfélaga, og felur í sér hugmyndir um að gagnkynhneigð sé það sem telst eðlilegt. Þessar hugmyndir byggja á staðalmyndum um að gagnkynhneigð sé samfélagslegt viðmið sem geta ýtt undir jaðarsetningu fólks sem tilheyrir annarri kynhneigð (Jón Ingvar Kjara og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2010). Gagnkynhneigðarhyggja er oft falin og getur birst sem þöggun eða blinda (Peel, 2001). Þegar fjallað er um kynhlutverk er oft en ekki aðeins rætt um stelpur og stráka sem útilokar þau börn sem skilgreina sig utan hefðbundinna kynhlutverka. Kynjatvíhyggja er ríkjandi í samfélaginu en birtist hún víða á merkingum fatnaðs eða annarra vara sem segir til um hvort hluturinn sé ætlaður körlum eða konum. Kynjatvíhyggja gerir ráð fyrir því að aðeins tvö kyn séu til og að karlar séu virðingarverðari verur en konur (Hinsegin frá Ö til A, e.d.-c).

Ísland hefur lengi verið talið með framsæknustu samfélögum heims hvað málefni kynjajafnréttis og réttindi hinsegin fólks varðar. Í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla er áhersla lögð á nám án aðgreiningar og að skólar skuli koma til móts við einstaklinga óháð uppruna, þjóðernis, kyns og kynhneigðar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Málefni hinsegin einstaklinga eru hins vegar ýmist falin í mörgum námskrám eða hreinlega ekki lögfest. Frá árinu 2001 hefur aðalnámskrá grunnskóla komið inn á hinsegin málefni (Jón Ingvar Kjara og Brynja Elísabeth Gudjonsson, 2021) og hefur aukin áhersla á kynhneigð og kynferði verið lögð í nýrri námskrám (Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012). Hins vegar eru hinsegin nemendur og kennarar ekki mjög sýnilegir í skólum og menntastofnunum. Þrátt fyrir opinbera stefnu menntastofnana virðist sýnileiki hinsegin fólks gjarnan hverfa í kennslustofunni, hvort sem það er í tengslum við kennslubækur, námsefni, kennsluhætti eða skólaumhverfi (Jón Ingvar Kjara og Guðrún Kristinsdóttir, 2015). Þar að auki hafa rannsakendur bent á þöggun menntastofnana á hinsegin málefnum þar sem gagnkynhneigðar viðmiðum er viðhaldið (Alanko, 2013; Jón Ingvar Kjara og Guðrún Kristinsdóttir, 2015; Lehtonen, 2016). Þau sem ekki skilgreina sig innan gagnkynhneigða regluveldisins eru oft álitin sem frávik frá því sem telst eðlilegt. Þetta á sér stað þrátt fyrir tiltölulega jákvæð viðhorf til hinsegin fólks í íslensku samfélagi almennt. Framsækin stefna aðalnámskrár hefur ekki skilað sér í aðgerðum skólanna né menntun kennara. Kennarar eru

hvattir til þess að nýta umræður um jafnrétti hvort sem það er byggt á kyni, kynhneigð, þjóðerni eða fötlun, í öllum námsgreinum. Lítið hefur þó borið á því þar sem marga kennara skortir þekkingu og þjálfun í að takast á við málefni sem snerta kyn og kynhneigðir í sínu starfi (Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012). Kennaramenntun í dag býður ekki upp á mikla fræðslu í hinsegin málum eða fjölbreytileika og ennfremur er engin skylda að sækja slík námskeið í kennaranámi (Jón Ingvar Kjaran og Brynja Elísabeth Halldórsdóttir Gudjonsson, 2021). Samkvæmt rannsókn Árnýjar Guðjónsdóttur (2020) virðist opinberi stefnu menntastofnanna í hinsegin málum ekki nægilega framfylgt í verki og starfi íslenskra grunnskóla. Niðurstöðurnar gefa til kynna að brúa þarf bilið á milli stefnu skóla í hinsegin málum og raunverulegum framkvæmdum. Þetta bil hefur veruleg áhrif á hinsegin nemendur, bæði á skólagöngu þeirra og líðan (Jón Ingvar Kjaran og Guðrún Kristinsdóttir, 2015).

### 3.4 Námsefni í kynfræðslu

Þegar það kemur að námsefni fyrir kynfræðslu er ekki úr mörgu að moða og skortir fjölbreytilegt efni sem fellur undir alhliða kynfræðslu. Á vef Menntamálastofnunar er hægt að nálgast fræðslu- og kennsluefni sem fellur undir kynfræðslu. Það sem þetta efni á helst sameiginlegt er að það er orðið heldur úrelt og svo sannarlega ekki í takt við tímann. Áherslur í þessum efnum leggja grunn að gömlum viðhorfum og mikilvægt er að skoða námsefnið betur frá sjónarhorni samtímans. Til þess að geta nýtt þetta námsefni í kennslu er mikilvægt að það sé uppfært svo það falli undir viðhorf í nútímasamfélagi. Hins vegar ef kennarar gefa sér tíma til að leita að góðu fræðsluefni fyrir kynfræðslu er vel hægt að finna efni við hæfi (Menntamálastofnun, e.d).

Vefir heilbrigðisstofnana geyma ýmsar upplýsingar sem falla undir viðfangsefni kynfræðslunnar. Með því að slá inn leitarorðið „kyn“ á vef Heilsuveru er hægt að finna efni um kynhneigð, sjálfsmynd, kynbundið ofbeldi, kynsjúkdóma, kynlífsfíkn, kynþroska og margt fleira (Heilsuvera, e.d). Landlæknir býður einnig upp á efni um kynsjúkdóma, kynþroska, kynlíf á vefsíðu sinni ásamt kennarahandbók um ungt fólk og kynlíf (Embætti landlæknis, e.d.). Ástráður forvarnarfélag læknanema er með fyrirmyndar kynfræðsluvef sem vel má nýta í kennslu. Þar er komið inn á efni eins og klám, kynþroska, þunganir, getnaðarvarnir, ofbeldi, samskipti, kynhneigðir og fleira (Ástráður, e.d). Sem dæmi um fleiri vefsíður sem geyma fræðsluefni sem snertir kynfræðslu má nefna Sjúka ást, Kynfræðsluvefinn, Hinseginleikann, Samtökin 78, Myndina af mér og Hinsegin frá Ö til A. Kynfræðingurinn

Sigríður Dögg Arnardóttir býður upp á kynfræðslu fyrir grunnskólanema frá 5.bekk til 10.bekk, yfir í framhalds- og háskóla en einnig fyrir foreldrahópa og kennara. Þar að auki býður hún upp á rafræn námskeið fyrir foreldra og aðra fullorðna sem byggt er á bók hennar „Kjaftað um kynlíf - handbók fyrir fullorðna til að ræða um kynlíf við börn og unglunga“. Á þessum námskeiðum er farið yfir helstu atriði um kynlíf sem gott er að ræða við börn og unglunga (Sigríður Dögg Arnardóttir, e.d). Jafnréttisskólinn sinnir einnig fræðslu í grunnskólum Reykjavíkurborgar og leggur áherslu á að miðla þekkingu um jafnréttismál til starfsfólks skóla og nemenda í samræmi við áherslur aðalnámskrár. Jafnréttisskólinn veitir einnig ráðgjöf og stuðning varðandi hin ýmsu málefni sem snúa að jafnréttismenntun, mannréttindum og kynheilbrigði. Á vef skólans er fræðsluefni fyrir börn og unglunga ásamt námsefni fyrir nemendur á öllum skólastigum frá leikskóla upp í framhaldsskóla (Reykjavíkurborg, e.d-b).

### 3.5 Samanburður við önnur lönd

Orðræðan um kynlíf hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum. Á fjórða áratug einkenndist hún af fáfræði og lítið var fjallað um kynlíf. Það var ekki viðurkennt nema í tengslum við barneignir. Hægt og rólega tók fólk að færast úr myrkrinu yfir í ljósið og menn fóru að leggja meiri áherslu á heilbriggt kynlíf og kynlíf til þess að njóta. Rekja má þessa þróun til aukinna rannsókna á sviði kynfræða og t.d. þegar getnaðarvarnarpillan kom á markað árið 1960. Með þessari þróun var meiri áhersla lögð á kynlífsheilbrigði og þar með fór kynfræðslan að færast meira inn í skólana. Í nútíma samfélagi er mikilvægt að stuðla að kynlífsheilbrigði barna með margvíslegri fræðslu. Sú fræðsla hefur margar jákvæðar afleiðingar, fólk lærir að tjá sig eðlilega um kynlíf, tileinka sér ábyrga hegðun og mynda heilbrigð sambönd sem leiða til vellíðunar (Sóley S. Bender, 2006).

Misjafnt er eftir löndum hversu mikil áhersla er lögð á kynfræðslu í skólum. Inntak kynfræðslunnar er mjög mismunandi innan landa sem og milli þeirra. Þegar það kemur að kynfræðslu þá eru margir þættir sem hafa áhrif á hvernig henni skuli vera háttað, hvort sem það séu trúarbrögð, stétt, menntun eða aldur. Í ýmsum Evrópulöndum skipar kirkjan enn stórt hlutverk og það hefur töluverð áhrif á hvort kynfræðsla skuli vera kennd eða ekki t.d. eins og á Spáni þar er kynfræðsla í skólum varla viðurkennd vegna Kaþólsku kirkjunnar. Þar af leiðandi fá börn og ungmenni fræðsluna annars staðar t.d. eins og hjá foreldrum og öðrum jafnöldrum. Það sem flestar Evrópuþjóðir eiga sameiginlegt er að viðhorf gagnvart kynfræðslu í skólum verður jákvæðara með hverjum deginum. Mismunandi er eftir skólum

hvernig kynfræðslan er höfð og er það oftast í höndum kennara um hvað skal vera kennt og hvernig. Flest lönd eru þó með einhverjar reglur um hvenær hún skuli hefjast í grunnskólum og skylda er að kenna ákveðin viðfangsefni á borð við forvarnir, getnaðarvarnir og kynsjúkdóma (Parker o.fl., 2009).

Alhliða kynfræðsla er eitt mikilvægasta tólið til þess að tryggja að börn og ungmenni fái áreiðanlegar upplýsingar til þess að taka heilbrigðar og upplýstar ákvarðanir varðandi kynheilbrigði (Parker o.fl., 2009). Samkvæmt rannsóknnum um kynheilbrigði barna og unglunga, hefur verið sýnt fram á að þau lönd sem leggja áherslu á kynfræðslu í skólum koma mun betur út þegar það kemur að kynheilbrigði barna (Weaver o.fl., 2005). Best er að viðurkenna þá staðreynd að ungt fólk eru kynverur og það að stunda kynlíf er hluti af því að vera manneskja (Sóley S. Bender, 2006). Í stað þess að lifa í afneitun um staðreyndirnar og reyna að koma í veg fyrir kynlíf unglunga með engri fræðslu eða hræðsluáróðri. Það er mun áhrifaríkara að leiðbeina þeim í að stunda öruggt kynlíf með víðtækri kynfræðslu.

#### 4 Kynfræðsluvefurinn Allt á einum stað

Netheimar gera einstaklingi kleift að fá aðgang að upplýsingum samstundis með því að smella á hnapp. Rannsókn O'Farrell, Corcoran og Davoren (2021) sýndi fram á að bæði kennarar og unglingar sneru sér að efni á netinu til þess að leita að upplýsingum um kynheilbrigði. Unglingar eru í flestum tilfellum móttækilegir fyrir upplýsingum á rafrænan máta, eru vel kunnir netmiðlum og geta tileinkað sér fróðleik á áhrifaríkan hátt í gegnum þessa miðla.

Kynfræðsluvefurinn Allt á einum stað er unninn með alhliða kynfræðslu í huga þar sem öll eru tekin inn í myndina. Lagt er upp úr því að einstaklingar geti leitað upplýsinga um allt á milli kynþroska og mannslíkamans; sambanda og samskipta; kynlífs og varna; auk kyns, kynhneigðar og kynvitundar. Vefurinn er skipulega uppsettur svo notendur eigi auðvelt með að finna það sem þeir leita að. Efni vefsins er bæði fræðilegt og vísindalegt, en inniheldur einnig texta og efni á einföldu máli sem ungmenni ættu að tengja við. Það skiptir máli að efni sem þetta sé ungu fólki aðgengilegt á auðlesnu máli og sé útbúið með reynsluheim þeirra í huga. Allt á einum stað miðar að því að veita ungu fólki mikilvægan fróðleik sem það getur tekið með sér út í lífið. Meginmarkmið vefsins er að taka til allra einstaklinga en ekki aðeins afmarkaðs hóps. Höfundar vilja sporna gegn gagnkynhneigðar- og kynjatvíhyggju í fræðsluefni ungmenna og veita þeim vettvang sem er velkominn öllum. Leitast er eftir því að veita ungu fólki innihaldsríkar og nytsamlegar upplýsingar óháð kyni, kynhneigð eða kynvitund. Notendur ættu að geta fræðst um þætti kynfræðslu án hræðsluáróðurs, fordóma og þöggunar. Á vefnum geta einstaklingar lesið sig til um þætti sem flokkast gjarnan sem tabú eða þætti sem samfélagið telur að ekki ætti að ræða um. Höfundar leggja áherslu á að opna umræðuna um málefni kynfræðslu og stuðla að jákvæðri orðræðu um þau efni. Þannig er reynt að draga úr því að vandræðalegt, óþægilegt og skömmustulegt þyki að ræða um það sem felst í kynlífi, kynþroska og öðrum þáttum kynfræðslunnar.

## 5 Lokaorð

Ungmennni á Íslandi hafa óskað eftir aukinni kynfræðslu í skólum landsins. Mikilvægt er að skólasamfélagið taki mið af þeim óskum og komi til móts við unga fólkið með góðri alhliða kynfræðslu. Einnig þarf að sjá til þess að sú kynfræðsla taki mið af fjölbreytileikanum og að frekari áhersla sé lögð á félagslega þætti kynhegðunar. Samkvæmt rannsóknum sem hafa verið gerðar hérlandis og í nágrannalöndum, hefur komið í ljós að góð og markviss kynfræðsla stuðlar að betra kynheilbrigði ungmenna (Jóna Ingibjörg, 2009). Auk þess getur kynfræðsla verið forvörn gegn kynsjúkdómum, ótímabærum þungunum og dregið úr áhættuhegðun (Sóley S. Bender, 2012). Það er ekki nóg að kynfræðsla líti aðeins til líffræðilegra þátta heldur skipta félagslegir þættir ekki síður máli. Lítið hefur farið fyrir hinseginfræðslu í kynfræðslu grunnskóla. Gagnkynhneigð viðmið eru ríkjandi viðhorf í flestum samfélögum sem gera það að verkum að námsefni er gjarnan miðað út frá þeim og er kynfræðsla þar engin undantekning. Þar með er kynfræðslan ekki fyrir alla og hún ekki alhliða (Sólveig Rós Másdóttir, 2015).

Það liggur í augum uppi að full þörf er á menntun fyrir kennara í kynfræðslu og tilhögun kennslu á efninu. Miklar framfarir hafa þó átt sér stað frá upphafi fræðslunnar í skólum en það er ávallt hægt að bæta við og breyta í takt við tímann. Samfélagið er í sífelldri þróun og nauðsynlegt er að taka mið af þeim breytingum og vitundarvakningum sem eiga sér stað. Gerð náms- og fræðsluefnis er hér engin undantekning og mikilvægt er að kennarar standi vörð um slíkt. Þegar kemur að gæði menntunar og árangurs í skólakerfinu þá eru vel menntaðir og áhugasamir kennarar í lykilhlutverki (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Ef lítið er á kynfræðslu í tengslum við kennaramenntun þá eru engin námskeið í deild faggreinakennslu í Háskóla Íslands sem koma að þessum fræðum. Aðeins eru nokkur námskeið kennd í hjúkrun um kynheilbrigði. Þannig eru kennarar bersýnilega misjafnlega vel í stakk búnir til að annast kynfræðslu í skólastofnunni. Það eru skiptar skoðanir á því hvernig skuli hátta kennslunni og á hvað skuli leggja áherslu. Við skoðun á aðalnámskrá grunnskóla kom í ljós að lítið er kveðið á um kynfræðslu og tilhögun hennar í kennslu.

Við athugun kom í ljós að þó nokkuð er til af nytsamlegu efni sem hægt er að nýta í kynfræðslu. Sumt náms- og kennsluefni er enn litað af gagnkynhneigðarviðmiðum og þarfnast uppfærslu til að mæta þörfum samtímans. Gagnlegt efni er að finna á vefsíðum heilbrigðisstofnana, félagasamtaka og fagmanna. Þar að auki má nefna útgefnar bækur um kynlíf og kynfræðslu fyrir ungmenni. Styrkja þarf fræðsluefni sem höfða á til ungs fólks og taka mið af reynsluheimi þess. Unglingar verja almennt þó nokkrum tíma við tölvur eða

snjalltæki og hafa gjarnan reynslu af því að sækja upplýsingar af netinu. Þau sem vinna að námsefnisgerð eru í lykilstöðu til að komast til móts við ungt fólk og miðla upplýsingum til þeirra á rafrænan máta. Fræðsluvefurinn Allt á einum stað er framlag höfunda við að veita alhliða, aðgengilega kynfræðslu á vefformi.



## Heimildaskrá

- Aaltonen, S. (2003). Told, denied and silenced: Young people's interpretations of conflicts and gender in school. Í V. Sunnari, J. Kangasvuo. og M. Heikkinen (ritstjórar), *Gendered and sexualised violence in educational environments* (bls. 125–137). Oulu University Press.
- Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti/2011.
- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.
- Alanko, K. (2013). *Hur mår HBTIQ-unga í Finland?* [How well are LGBTIQ young people doing in Finland?]. Helsingfors: Ungdomsforskiningsnätverket och Seta.
- Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson. (2006). *Upplifun og viðhorf unglinga til kláms*. Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Anni G. Haugen og Ástrós Erla Benediktsdóttir. (2015). Útbreiðsla kláms og hugsanleg áhrif þess: Er þörf á aukinni fræðslu?. *Tímarit félagsráðgjafa*, 9(1), 52-55.
- Árni V. Þórsson, Atli Dagbjartsson, Gestur I. Pálsson og Víkingur H. Arnórsson. (2000a). Kynþroski íslenskra drengja. *Læknablaðið*, 86(10), 655-659.
- Árni V. Þórsson, Atli Dagbjartsson, Gestur I. Pálsson og Víkingur H. Arnórsson. (2000b). Kynþroski íslenskra stúlkna. *Læknablaðið*, 86(10), 649-653.
- Árný Guðjónsdóttir. (2020). *Birtingarmyndir gagnkynhneigðarhyggju í námskrám og námsbókum íslenskra grunnskóla* [bakkalárritgerð]. Skemman.  
<https://skemman.is/handle/1946/36667>
- Ástráður. (e.d). *Forsíða*. [www.astradur.is](http://www.astradur.is)
- Britzman, D. P. (1998). Is There a Queer Pedagogy? Or, Stop Reading Straight. Í W. F. Pinar, (ritstjóri), *Curriculum. Toward New Identities* (bls. 211-231). Garland Publishing, Inc.
- Coy, M., Kelly, L., Elvines, F., Garner, M. og Kanyeredzi, A. (2013). *Sex without a consent, I suppose that is rape: How young people in England understand sexual consent*. The Children's commissioner for England.
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir, Sigurlaug Hauksdóttir. (2009). *Samskipti foreldra og barna um kynlíf*. Embætti landlæknis.  
[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11263/foreldrabaeklingur\\_kynlif\\_2009.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11263/foreldrabaeklingur_kynlif_2009.pdf)
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Eyrún Magnúsdóttir, Hulda María Magnúsdóttir, Karitas Bjarkadóttir, Kári Sigurðsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Margrét Héðinsdóttir og

- Sindri Smárason. (2016). *Tillaga um stefnumótun um kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi SFS*.  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/stefnumotun\\_um\\_kynfraedslu.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/stefnumotun_um_kynfraedslu.pdf)
- Davíð Roach Gunnarsson, Hulda G. Geirsdóttir og Sigmar Guðmundsson (2020, 4.febrúar). Kynfræðslan bregst hinsegin fólki og fötluðum [viðtal eftir Huldu G. Geirsdóttur og Sigmar Guðmundsson]. *RÚV*.  
<https://www.ruv.is/frett/kynfraedslan-bregst-hinsegin-folki-og-fotludum>
- Embætti landlæknis. (e.d). *Forsíða*. [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)
- Embætti landlæknis. (2012). *Ofbeldi og kúgun í samböndum og samskiptum*.  
<https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item18282/Ofbeldi-og-kugun-i-sambondum-og-samskiptum>
- Embætti landlæknis. (2014). *Kynheilbrigði*. <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/kynheilbrigdi/>
- Embætti landlæknis. (2019). *Jafnrétti og kynheilbrigði*. <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/kynheilbrigdi/unglingar-og-ungt-folk/>
- European Expert Group on Sexuality Education. (2016). What is it? Sex Education Sexuality Education. *Sex Education*, 16(4), 427-431.  
<https://doi.org/10.1080/14681811.2015.1100599>
- Federal Centre for Health Education (BZgA). (2018). *Sexuality Education. Policy brief no.2*.  
[https://www.euro.who.int/\\_\\_data/assets/pdf\\_file/0010/379045/Sexuality\\_education\\_Policy\\_brief\\_No\\_2.pdf](https://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0010/379045/Sexuality_education_Policy_brief_No_2.pdf)
- Gotell, L. og Grant, I. (2021). Non-Consensual Condom Removal in Canadian Law Before and After R. V. Hutchinson. *Dal LJ*, 44(2), 439-475.
- Guðbjörg Hildur Kolbeinsdóttir. (2016). Klámnotkun íslenskra framhaldsskólanema. Í Helga Ólafsdóttir og Heijstra, T. M. (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn XVII* (1-13). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.  
[https://skemman.is/bitstream/1946/26363/1/FELMAN\\_Gu%3b0bj%3b6rgHildurKolbeins.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/26363/1/FELMAN_Gu%3b0bj%3b6rgHildurKolbeins.pdf)
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2012). „Þotulið“ og „setulið“: Kynjafnrétti og kennaramenntun. *Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2012*.  
<https://netla.hi.is/serrit/2012/menntakvika2012/006.pdf>

- Guðný Rós Jónsdóttir. (2021). „Kynfræðsla í grunnskóla gekk út á að setja smokk á banana og hræðsluáróður“. *Upplifun ungmenna á kynfræðslu á Íslandi* [bakkalárritgerð]. Skemman.  
<https://skemman.is/bitstream/1946/37822/1/BA%20ritger%c3%b0%20Gu%c3%b0ny%c%81%20Ro%cc%81s%20Jo%cc%81nsdo%cc%81ttir%20lokaeintak.pdf>
- Hansen, B. T., Kjær, S. K., Munk, C., Tryggvadóttir, L., Sparén P., Hagerup-Jenssen, M., Liaw, K. L., Nygård, M. (2010). Early smoking initiation, sexual behavior and reproductive health – a large population-based study of Nordic women. *Preventive Medicine*, 51(1), 68 – 72.
- Halperin, D. M., Winkler, J. J. og Zeitlin, F. I. (ritstjórar). (1990). *Before Sexuality. The Construction of Erotic Experience in The Ancient Greek World*. Princeton University Press.
- Heilsuvera. (e.d). *Forsíða*. [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is)
- Hinsegin frá Ö til A. (e.d.-a). *Eikynhneigð*. <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynhneigd/eikynhneigd/>
- Hinsegin frá Ö til A. (e.d.-b). *Kynhneigð*. <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynhneigd/>
- Hinsegin frá Ö til A. (e.d.-c). *Kynjatvíhyggja*. <https://otila.is/grunnurinn/kynjatvihyggja/>
- Hinsegin frá Ö til A. (e.d.-d). *Kynvitund*. <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/kynvitund/>
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. (1983). Kynfræðsla. *Vera. Tímarit um konur og kvenfrelsi*, 2(7), 8-9. <https://timarit.is/page/5423514#page/n7/mode/2up>
- ISHS. (e.d). *Sexuality*. <https://www.ishs.org.uk/sexuality/>
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). *Kynlíf: heilbrigði, ást og erótík*. Bókaútgáfan Opna.
- Jón Ingvar Kjarran og Brynja Elísabeth Halldórsdóttir Gudjonsson. (2021). Epistemic Violence Towards LGBTQ Students in Icelandic High Schools: Challenges and Opportunities for Transforming Schools. Í Odenbring, Y. og Johannson, T. (ritstjórar), *Violence, Victimization and Young People. Education and Safe Learning Environments* (bls. 173-191). Springer.
- Jón Ingvar Kjarran og Guðrún Kristinsdóttir. (2015). Schooling sexualities and gendered bodies. Experience of LGBT students in Icelandic upper secondary schools. *International Journal of Inclusive Education*, 19(9), 978-993.  
<https://doi.org/10.1080/13603116.2015.1019375>

- Kaestle, C. E. (2019). Sexual Orientation Trajectories Based on Sexual Attractions, Partners, and Identity: A Longitudinal Investigation From Adolescence Through Young Adulthood Using a U.S. Representative Sample. *The Journal of Sex Research*, 56(7), 811-826. <https://doi.org/10.1080/00224499.2019.1577351>
- Kantor, M. L. og Lindberg, L. (2020). Pleasure and Sex Education: *The Need for Broadening Both Content and Measurement*. *American Journal of Public Health*, 110(2), 145-148. <https://doi.org/10.2105/AJPH.2019.305320>
- Kellogg, N og Committee on Child Abuse and Neglect. (2005). The Evaluation of Sexual Abuse in Children. *Pediatrics*, 116(2), 506–512. <https://doi.org/10.1542/peds.2005-1336>
- Ketting, E. og Ivanova, O. (2018). *Sexuality Education in Europe and Central Asia. State of the Art and Recent Developments*. Federal Centre for Health Education, BzGA. [https://www.euro.who.int/\\_\\_data/assets/pdf\\_file/0010/379054/BZgA\\_IPPFEN\\_ComprehensiveStudyReport\\_Online.pdf](https://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0010/379054/BZgA_IPPFEN_ComprehensiveStudyReport_Online.pdf)
- Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Ragnar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir. (2008). Viðhorf og þekking 16 ára unglinga á kynlífstengdu efni. *Læknablaðið*, 94(6), 60.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Ársæll Arnarsson. (2018). Kynlífsvirkni unglinga og samskipti þeirra við foreldra. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérrið 2018 - Menntakvika 2018*. <https://ojs.hi.is/netla/article/view/3096/1833>
- Lehtonen, J. (2016). “Sukupuolen ja seksuaalisuuden moninaisuus osana laaja-alaista seksuaalikasvatusta ja heteronormatiivisuuden purkamista” [Gender and Sexual Diversity as Part of Sex Education and Questioning of Heteronormativity]. Í K. Bildjuschkin (ritstjóri), *Seksuaalikasvatuksen tueksi* [For the Support of Sex Education], 104–115. THL.
- Leidholdt, D., og Russell, D. E. H. (ritstjórar). (1989). *No Safe Place for Women: Feminists on Pornography*. Pergamon Books.
- Longino, H. (1980). What is pornography. Í Lederer, L. (ritstjóri), *Take Back the Night*. William Morrow.
- Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir nr. 25/1975.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008 með áorðnum breytingum 107/2021.

- Marazzo, J. M., Coffey, P. og Bingham, A. (2007). Sexual Practices, Risk Perception and Knowledge of Sexually Transmitted Disease Risk Among Lesbian and Bisexual Women. *Perspectives on Sexual and Reproductive Health*, 37(1), 6-12.
- Margrét Edda Örnólfsdóttir, Ebba Margrét Magnúsdóttir, Jón R. Kristinsson og Reynir Tómas Geirsson. (2017). Læknisfræðilegt mat vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi gegn stúlkum. *Læknablaðið*, 103(8), 325-330.
- Menntastefna Reykjavíkur. (e.d). *Hinsegin börn og skólar*.  
<https://menntastefna.is/tool/hinsegin-born-og-skolar/>
- Menntamálastofnun. (e.d). *Forsíða*. [www.mms.is](http://www.mms.is)
- Mueller, T. E., Gavin, L. E. og Kulkarni, A. (2008). The Association Between Sex Education and Youth's Engagement in Sexual Intercourse, Age at First Intercourse, and Birth Control Use at First Sex. *Journal of Adolescent Health*, 42(1), 89-96.
- O'Farrell, M., Corcoran, P. og Davoren, M. P. (2021). Examining LGBTI+ inclusive sexual health education from the perspective of both youth and facilitators: a systematic review. *BMJ open*, 11(9), 1-21. <https://doi.org/10.1136/bmjopen-2020-047856>
- Olsson, H. (2016). Openness and Opposition. Í J.J. Ponzetti, Jr. (ritstjóri), *Evidence-based Approaches to Sexuality Education* (bls. 292-310). Routledge.
- Parker, R., Wellings, K. og Lazarus, J. V. (2009). Sexuality education in Europe: an overview of current policies. *Sex Education*, 9(3), 227-242.  
<https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/14681810903059060?scroll=top&needAccess=true>
- Pálmar Ragnarsson. (2020). *Samskipti*. Salka.
- Peel, E. (2001). Mundane heterosexism: Understanding incidents of the everyday. *Women's Studies International Forum*, 24(5), 541-554.
- Planned Parenthood. (e.d). *What is Sex Education*.  
<https://www.plannedparenthood.org/learn/for-educators/what-sex-education>
- Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Helga Lárusdóttir, Sólrún Ólína Sigurðardóttir, Margrét Héðinsdóttir, Jórlaug Heimisdóttir, Sveinbjörn Kristjánsson og Þorgerður Einarsdóttir. (2017). *Kynþroskinn, stelpur*.  
[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item34217/Kynthroski\\_stelpur\\_5utg2017.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item34217/Kynthroski_stelpur_5utg2017.pdf)

- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2017). Reynsla kvenna af kynferðisofbeldi í nánú sambandi á unglingsárum. Berskjöldun og áhrif á skólagöngu. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/14.pdf>
- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2018). Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans í íslenskri skólamenningu. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 27(1), 2018, 43–64. <https://doi.org/10.24270/tuum.2018.27.3>
- Reach Out. (e.d) *Sexuality and Teenagers*. <https://parents.au.reachout.com/skills-to-build/wellbeing/sexuality-and-teenagers>
- Reykjavíkurborg. (e.d-a). *Hinsegin börn og skólar*. <https://reykjavik.is/hinsegin-born-og-skolar>
- Reykjavíkurborg. (e.d-b). *Jafnréttisskólinn*. <https://reykjavik.is/jafnrettisskolinn>
- RFSU. (2017). *About Swedish Sex Education*. <https://www.rfsu.se/om-rfsu/om-oss/in-english/national-work/sexualityeducation/about-swedish-sexuality-educati>
- Samtökin 78. (e.d). *Um fræðsluna*. <https://samtokin78.is/starfsemin/um-fraedsluna/>
- SERC. (e.d). *What is Sexuality?* <https://serc.mb.ca/sexual-health-info/the-basics/what-is-sexuality/>
- Sigríður Dögg Arnardóttir. (e.d). *Sigga Dögg*. [www.siggadogg.is](http://www.siggadogg.is)
- Sigríður Dögg Arnardóttir. (2014). *Kjaftað um kynlíf: Handbók fyrir fullorðna til að ræða kynlíf við börn og unglunga*. Iðnú.
- Smith, A., Stewart, D., Poon, C., Peled, M., Saewyc, E., & McCreary Centre Society. (2014). *From Hastings Street to Haida Gwaii: Provincial results of the 2013 BC Adolescent Health Survey*. McCreary Centre Society.
- Sóley S. Bender. (2006). Kynlífsheilbrigði: Frá þögn til þekkingar. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 82(4), 46-50. <https://www.hjukrun.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1236>
- Sóley S. Bender. (2012). Ferlismat á nýju kynfræðsluefni fyrir unglunga. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 88(4), 48-56.
- Sóley S. Bender og Álfheiður Freyja Friðbjarnardóttir. (2015). Árangur af kynfræðslunámsefninu „Kynveruleiki í ljósi kynheilbrigðis”. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 91(1), 46-53. <https://www.hjukrun.is/library/Timarit---Skrar/Timarit/Timarit-2015/1-tbl-2015/Arangur%20af%20kynfraedslunamsefni.pdf>

- Sóley S. Bender. (2019). Virðing: Lykilþáttur í kynheilbrigði ungs fólks. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(2), 233-240. <https://doi.org/10.24270/tuum.2019.28.11>
- Sólveig Jónasdóttir. (1996). Klám. *Vera. Tímarit um konur og kvenfrelsi*, 15(5), 16-17. <https://timarit.is/page/5427746#page/n15/mode/2up>
- Sólveig Rós Másdóttir. (2015). *Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin kynfræðsla*. [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/nyskopunarsjodsverkefni\\_solveig\\_ros\\_2015\\_2.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/nyskopunarsjodsverkefni_solveig_ros_2015_2.pdf)
- Strnadová, I., Loblinzk, J. og Danker, J. (2021). Importance of sex education for successful transition to life after school: Experiences of high school girls with intellectual disability. *British Journal of Learning Disabilities*, 49(3), 303-315. <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/bld.12403>
- UNESCO. (e.d). *Why Comprehensive Sexuality Education is Important*. <https://en.unesco.org/news/why-comprehensive-sexuality-education-important>
- Weaver. H., Smith, G. og Kippax, S. (2005). School-based sex education policies and indicators of sexual health among young people: a comparison of the Netherlands, France, Australia and The United States. *Sexual Education: Sexuality, Society and Learning*, 5(2), 1-22. <https://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/14681810500038889?needAccess=true>
- World Association for Sexual Health (WAS). (2014). *Declaration of sexual rights*. <https://worldsexualhealth.net/wp-content/uploads/2013/08/Declaration-of-Sexual-Rights-2014-plain-text.pdf>
- World Health Organization (WHO) og Pan American Health Organization (PAHO). (2000). *Promotion of Sexual Health. Recommendations for Action*. <https://iris.paho.org/bitstream/handle/10665.2/42416/promotionsexualhealth.pdf?sequence=1&isAllowed=y>